



Dalabyggð

Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á sveitastjórnarfundi
nr. 249, dags: 19. september 2024





- Hér í þessari skýrslu minni eru rakin helstu viðfangsefni síðustu daga og vikur eða frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 15. ágúst sl. Hér er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði.
- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 665 íbúar mv. 2. september sl. og hefur fjölgað um 2 frá því í byrjun ágúst.



- Deiliskipulagsvinna fyrir Búðardal er í fullum gangi. Vinnan er tvískipt, þ.e. unnið er með göturnar sunnan Brekkuhvamms sér og er það verkfræðistofan Efla sem heldur utan um þá vinnu og svo er Arkís sem heldur utan um aðra hluta íbúðasvæðisins í Búðardal. Stutt er í að vinna Eflu klárast og geri ég mér vonir um að í október náum við að auglýsa deiliskipulag á því svæði sem talið getur hátt í 30 íbúðir. Það er mikilvægt að ná þeim áfanga því eins og rætt hefur verið er Búðardalur nánast uppseldur og ekki til íbúðir til sölu eða leigu.
- Í tengslum við umfjöllun um skort á íbúðum þá er það fagnaðarefni að nú hefur Leigufélagið Bríet sent inn til okkar umsókn um lóð fyrir parhús hér í Búðardal og verður sú umsókn tekin fyrir á fundi byggðarráðs í næstu viku. Um er að ræða einingarhús sem gæti, ef allt gengur eftir, tekið stutta stund að reisa og koma í not.

- Fyrir stuttu auglýstum við laust starf lýðheilsufulltrúa hér í Dalabyggð. Umsóknarfrestur rennur út þann 23. september n.k. Við erum, eins og segir í auglýsingu, að leita eftir öflugum og drífandi einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi til að stýra afar fjölbreyttum og gefandi verkefnum í þágu samfélagsins hér í Dalabyggð. Ég hvet ykkur til að láta orðið berast, bæði hér innan sem utan Dalabyggðar, því hér er um spennandi starf og hlutverk að ræða.

- Talandi um lýðheilsu og nýtt starf þá er rétt að geta þess að framkvæmdir við undirbúning uppbyggingar íþróttamannvirkja eru í fullum gangi og er búið að moka miklu magni jarðvegs úr grunninum sem um ræðir. Vonandi verður farið að setja aftur fyllingu í grunninn í næstu viku þannig að það ætti að stytta í að undirbúningur fyrir steypu sökkuls og sundlaugarkers hefjist en að því er stefnt fyrir veturinn.





- Einn óhjákvæmilegur fylgifyrirkvæmdar sem þessarar er bæði ónæði fyrir skólastarfið og aðra. Akstur stórra véla hefur áhrif þessa dagana meðan mokað er úr grunninum og samfara því berst mold á götur. Við höfum látið sópa göturnar en það er ljóst að meðan þessi verkþáttur varir þá þurfum við að fara fram á ákveðið umburðarlyndi íbúa og vegfarenda allra. Eitt er víst að þetta tekur enda og eitt tekur við af öðru í þessu stóra verkefni.





Íþróttavika Evrópu - European week of Sport



Sunnudagur 22. september	Mánudagur 23. september	Þriðjudagur 24. september	Miðvikudagur 25. september	Fimmtudagur 26. september	Föstudagur 27. september	Laugardagur 28. september	Sunnudagur 29. september	Mánudagur 30. september
 HJÓLREIÐAR kl 14:00 - 16:00 Búðardalur, Dalabúð Hjólreiðafélag Vesturlands	KRAFTLYFTINGAR Reykhólar Grettislaug /rækt kl 17:00 Lára Bogey	KRAFTLYFTINGAR Búðardalur Ræktarsalur Óla Pá kl 17:00 Lára Bogey ----- SJÓSUND Reykhólar kl 20:00 Frítt í sund á eftir í Grettislaug	LED FJÓLSKYLDU BADMINTON Laugar í Sælingsdal kl 16:30-19:30 Íþróttafélagið Undri ----- FRISBÍGOLF Reykhólar kl 17:00	#BEACTIVE BOGFIMMÓT Íþróttahúsið á Reykhólum kl 17:00 Umf Afturelding <i>Frítt í sund á eftir í Grettislaug</i>		FRISBÍGOLF Búðardalur kl 13:00 Mæta og spreyta sig	GANGA Hrótsstaðir - mastur kl 17:00 Dalamanna- brólt	 REYKHÓLAHREPPUR <small>UNADUR AUGANS</small> HESTAFJÖR Reiðhöllin Búðardal kl 18:00 - 19:30 Hestamanna- félagið Glaður
 								

• 7. október verður viðburðurinn Pepp fyrir landsmót 50+ -Reykhólar 16:30 - Búðardalur 19:30

• Íþróttavika Evrópu (European Week of Sport) er haldin 23. – 30. september ár hvert í yfir 30 Evrópulöndum. Markmiðið með Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings.

• UDN ásamt aðildarfélögum sambandsins mun standa fyrir nokkrum viðburðum þessa daga. Á heimasíðu Dalabyggðar má sjá fjölbreytta dagskrá sem boðið verður upp á hér í Dölunum. Hver viðburður verður auglýstur sérstaklega og er aðgengilegur á dagatali því sem er á heimasíðu Dalabyggðar.



- Í undirbúningi er að fjölga hleðslustöðum við stjórnsýsluhúsið hér í Búðardal. Rekstraraðila þeirra er Orkusalan. Eftir breytingar þá mun Dalabyggð ekki bjóða upp á fría hleðslu hér við húsið. Um verður að ræða bæði hraðhleðslu sem og eins hægari hleðslu og þá á vægara verði en þegar um hraðhleðslu verður að ræða.

- Samtal um uppsetningu Fræhallar við Búðardal hefur nú verið opnað að nýju sbr. viljayfirlýsingu þar um. Á næsta fundi byggðarráðs verður staða málsins rædd og sú þörf á skipulagsvinnu sem í farvatninu er. Það eru tækifæri til staðar í þessum efnum og vonandi verðum við í Dalabyggð þátttakendur í þeirri þróun sem í pípunum er.



-
- Vinnufundur sveitarstjórnar og embættismanna var haldinn þann 28. ágúst sl. að Hlíð í Hörðudal, n.t.t. í Dalahyttum. Rætt var um komandi vinnu við fjárhagsáætlun komandi ára, um möguleg áhrif uppsetningu vindorkuvera á tekjugrunn sveitarfélaga m.t.t. áhrifa á framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og að síðustu var rætt um stöðu á sameiningu sveitarfélaga og þeirra kosta sem Dalabyggð kann að hafa, eitt og sér eða með sameiningu og þá er það spurningin í hvaða átt. Áfram verður haldið að skoða alla þessa þætti á komandi tímum.
 - Eins og fyrr sagði er fjárhagsáætlun fyrir árin 2025 til 2028 nú komin á fullt skrið sbr. vinnufund sveitarstjórnar sem ég nefndi hér að ofan og eru hafnir fundir til undirbúnings með forstöðumönnum einstakra málaflokka. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út minnisblað um einstaka hagforsendur og styðjumst við í Dalabyggð við það að mestu leiti. Það er mikilvægt að halda vel á málum áfram í rekstri Dalabyggðar þannig að sveitarfélagið verði áfram sjálfbært í sínum mikilvæga rekstri.




- Fulltrúar Samfylkingarinnar, þ.m.t. formaður, komu í Búðardal þann 4. september sl. og héldu opinn fund í Vínlandssetrinu. Fundartíminn var óvenjulegur eða kl. 9:00 að morgni en þrátt fyrir það var mæting þökkaleg og samtalið opið og gott. Rætt var um innviði í víðum skilningi og fóru þingmenn og meðreiðasveinar þeirra vonandi vel nestuð frá fundinum.
- Kynningarfundur vegna nýrrar Menntastefnu Dalabyggðar var haldinn þann 4. september sl. í Dalabúð. Mæting var þökkaleg á fundinn og umræður hreinskiptar. Það er von mín og trú að ný Menntastefna samhliða öfluggu innra starfi Auðarskóla muni færa okkur fram veginn hér í Dölunum.

- Íbúafundur í tengslum við verkefnið DalaAuður verður haldinn í Dalabúð fimmtudaginn 17. október n.k. Á íbúafundinum gefst okkur íbúum tækifæri til að forgangsráða og móta áherslur verkefnisins. Við hvetjum alla íbúa til að mæta og leggja línurnar fyrir árið 2025 þannig að endilega skráið í dagbókina gott fólk þessa mikilvægu tímasetningu. Verkefnastjórn DalaAuðs fundaði í gær, miðvikudaginn 18. september og fór yfir afurð síðasta íbúafundar og stöðu einstakra mála þannig að við erum tilbúin í næsta skref þessa mikilvæga verkefnis.

- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi stóðu fyrir íbúapingi í gær, miðvikudaginn 18. september, um endurskoðun Sóknaráætlunar Vesturlands. Markmiðið með þinginu var að fá íbúa á Vesturlandi til að koma saman, skiptast á skoðunum og forgangsráða áherslum um hvernig þau vilja sjá Vesturland þróast á næstu misserum og árum og mun afrakstur þingsins verða leiðarljós við frekari vinnu við Sóknaráætlun Vesturlands fyrir árin 2025-2029. Við vorum nokkur héðan úr Dölum sem tókum þátt í samtalinu sem var bæði áhugavert og skemmtilegt á margan hátt.



- Til upplýsinga vil ég segja frá hér að þá er Vegagerðin að hefja á næstu dögum aðgerðir hér í Búðardal við hluta þess sem við höfum verið í samskiptum við þau um varðandi öryggismál á þjóðvegnum .
- Að þessu sinni verður farið í uppsetningu ljósastaura upp að afleggjara að hesthúsum/reiðhöll og breikka veg og setja gönguþverun við Sunnubraut, sjá teikningu hér með.
- Að Dalabyggð snýr að tengja gangstétt frá gatamótum Sunnubrautar við og reikna ég með að fyrst í stað verði það malarstígur þannig að það á ekki að kosta a.m.k. að sinni verulega upphæð þó við auðvitað skoðum þann möguleika að malbika þennan bút samhliða t.d. því þegar Olís fer í frágang á sínu plani.
- Til stóð einnig að laga innkomuna í þorpið en það frestast til næsta árs - en samt sem áður tel ég þetta ásættanleg skref að sinni.



-
- Dalamenn eignuðust nýjan Íslandsmeistara fyrir stuttu þegar Bjarni Hermannson bóndi á Leiðólfsstöðum gerði sér lítið fyrir og sigraði keppni sem haldinn var í Sævangi í hrútaðómum – það fer vel á því að Dalamaður sigri keppni sem þessa og óska ég Bjarna til hamingju með titilinn.
 - Nú eru haustverkin með tilheyrandi verkefnum, smölun á fé og allt þar í kring, komið á fullt og vil ég óska öllum þeim sem standa í þeim önnum og auðvitað öllum öðrum íbúum Dalabyggðar í hverjum þeim önnum sem um er að ræða góðs gengis í sínum verkum. Eins og ég hef áður nefnt þá þurfum við að láta hlutina ganga og samstarf og samheldni skiptir öllu máli því saman erum við sterkari !



-
- Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði.
 - Verkefni eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.
 - Hér á þessari síðu í skýrslu minni er mynd af skemmtilegum og líka svo mikilvægum skilaboðum sem einhver íbúi hér í Dölunum setti hér á steinhleðsluna við stjórnsýsluhúsið fyrir stuttu, skýr skilaboð sem gott er að hafa í veganesti í önnum dagsins hverju sinni – takk fyrir þessi góðu skilaboð hver sem heiðurinn á !

- BBÞ – 19/09/2024

